

1. Almenn:

Samherji fiskeldi ehf. (kt. 610406-1060), Glerárgötu 20, 600 Akureyri, er með klakstöð að Sigtúni í Öxarfirði og sótti um rekstrarleyfi fyrir 11 tónna hámarkslífmassa á bleikju, dags. 28. nóvember 2017.

Að Sigtúni er staðsett varastöð fyrir kynbótafisk bleikju frá Hólum í Hjaltadal þaðan sem árlega eru tekin inn seiði sem eru alin í kynbótafisk og nýtt í kreistingar. Hrognin eru send í klakhúsið að Núpum í Ölfusi og nýtt í seiðaframleiðslu Samherja fiskeldis. Klakstöðin er staðsett á landi með frárennsli í bæjarlæk og eftir honum um 50 m í Landsá. Landsá flytur frárennslið um 2 km þar til það berst í Jökulsá á Fjöllum. Við útfall allra kerja eru ristar sem varna því að fiskur berist út úr kerjum með frárennslinu. Við enda frárennslis verður komið fyrir rist til að hindra enn frekar slysasleppingar.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. 8. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og 12. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi og staðfestir að þau telljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 20. maí 2020 til 20. júní 2020 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun gaf út ákvörðun þann 20. febrúar 2018 þess eðlis að framkvæmdin var ekki talin háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun leitaði ekki umsagna þar sem mannvirki hafa verið reist og eru lítil að umfangi auk þess sem ekki var verið að taka óraskað land undir mannvirki. Matvælastofnun telur ekki tilefni til að umrædd framkvæmd fari í gegnum mat á umhverfisáhrifum því hún er ekki líkleg til þess að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, þ.e. að hafa verulega óafturkræf umhverfisáhrif eða valda verulegum spjöllum á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáhrifum. Varðandi afstöðu Matvælastofnunar vegna umhverfisáhrifa horfir stofnunin sérstaklega til þátta er snúa að sjúkdómum og slysasleppingum. Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Samherja fiskeldis að Sigtúni er í samræmi við tilkynnta framkvæmd fyrir utan þær upplýsingar að stöðin hafi verið rekin áður á rekstrarleyfi Íslandsbleikju að Núpsmýri, en stöðin hefur verið rekin án rekstrarleyfis.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna leyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Norðurþings þann 13. mars 2019 vegna umsóknar um rekstrarleyfi Samherja fiskeldis að Sigtúni.

Í umsögn Fiskistofu kom fram að stofnunin leggi til að hugað verði að því sérstaklega við útgáfu rekstrarleyfis að búnaður við affall klakstöðvarinnar lágmarki líkurnar á því að fiskur geti sloppið út stöðinni. Í umsögn Hafrannsóknastofnunar var talið að neikvæð áhrif starfseminnar á vistfræði umhverfisins séu hverfandi en árétt um mikilvægi þess að öruggur búnaður sé á frárennsli sem komi í veg fyrir að seiði eða fiskar sleppi út í viðtakann. Í umsögn Norðurþings kemur fram að eldisstöðin í Sigtúni er innan iðnaðarsvæðis I3 í aðalskipulagi Norðurþings 2010–2030 og að það svæði sé ætlað undir fiskeldi. Skipulags- og framkvæmdaráð Norðurþings telur að starfsemi sé í það litlu umfangi að umhverfisáhrif vegna aukningar séu óveruleg.

Gerð er krafa um að fiskeldisstöðvar á landi séu útbúnar búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Fiskheldni stöðvar Samherja fiskeldi að Sigtúni er góð skv. þeim upplýsingum sem liggja fyrir og koma fram hér að ofan. Öll ker eru útbúin ristum og við enda frárennslis úr stöðinni verður komið fyrir rist. Gildistaka rekstrarleyfisins mun ekki fara

fram fyrir en búið er að koma fyrir rist í frárennsli stöðvarinnar. Litlar líkur eru taldar á slyssleppingu frá stöðinni.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma vegna rekstrarleyfistillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun bárust engar athugasemdir við tillögu að rekstrarleyfi á auglýsingartíma.

5. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Samherja fiskeldis. Rekstrarleyfið heimilar hámarkslífmassa 11 tonna til matfiskframleiðslu á bleikju að Sigtúni í Öxarfirði.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Samhliða útgáfu rekstrarleyfis afhendir Matvælastofnun útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 25. júní 2036.

Selfossi, 2. júlí 2020